

Fundargerð 27.01.22

Mætt voru: Gunnar, Ingibjörg M. , Sunneva, Steinar, Hafsteinn, María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Öryggi, húsnæði og aðstaða:

Hafsteinn fór yfir öryggismálin ásamt því að fara yfir stöðuna á húsnæði skólans. Skólinn er með brunavarnarkerfi sem tengt er Securitas. Kerfið er yfirfarið 1x á ári. Reykskynjar, neyðarljós eru yfirfarin mánaðarlegar, vatnsúðakerfið prófað á þriggja mánaða fresti. Nýbúið er að fara yfir allar bjöllur og samræma hljóminn í þeim. Rýmingaráætlun skólans hefur verið endurskoðuð en ekki hefur verið hægt að halda brunaæfingu nýlega vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

Innbrotakerfi er í skólanum sem er samtengt Securitas. Þetta kerfi er yfirfarið einu sinni á ári. Myndavélar eru utan á skólanum sem hafa sannað gildi sitt hvað varðar skemmdarverk. Það stendur til að setja fleiri myndavélar utanhúss og einnig stendur til að setja myndavélar innan húss í aðalanddyri og unglínganddyri.

Búið er að setja upp rafmangshurðir í fjögur anddyri. Fyrirhugað er að setja rafmangshurð í vesturanddyri og þá eru komnar rafmangshurðir í öll anddyri skólans. Rakamælingar voru gerða í desember. Verkfræðistofa tók 19 snertisýni og 6 snertisýni. Mælingar komu vel út en 2 snertisýni sýndu merki um myglu en það var við glugga sem lak. Búið er að lagfæra gluggann.

Loftun vantar í þakið á skólanum en fylgst er vel með því. Það stendur til að lyfta þakinu á skólanum. Stefnt er að því að taka hluta þaksins í sumar.

Búið er að laga skólalóðina t.d. fallvarnir í leiktækjum. Þá stendur til á skipta út handriði við körfuboltavöll og lýsingu á skólalóð.

Endurnýjun á húsgögnum í skólastofur er langt komin. Stefnt er að því að fara svo í að kaupa húsgögn á ganga skólans.

Opna á milli stofu 206 og tölvustofunnar og hafa þar snjallsmiðju.

Skólapúlsinn – nemendakönnun. Farið yfir niðurstöður haustannar.

María fór yfir Skólapúlsinn. Búið er að leggja könnunina fyrir tvisvar sinnum og stefnt er að því að leggja hana fyrir tvisvar sinnum á vorönn. Farið var yfir samantekt á þeim tveimur könnunum sem lagðar hafa verið fyrir.

María fór yfir matsþáttinn ánægja af lestri. Unglingadeildin er yfir meðaltali og hefur ánægja af lestri aukist. Fulltrúar nemendur telja að það geti stafað af því búið er að breyta lesefni í unglíngadeild ásamt því að verið er að breyta kennsluháttum.

Vellíðan er þáttur sem ekki kemur vel út og er 0,4 undir landsmeðaltali. Stúlkum líður betur, vandinn tengist drengjum. Drengjum og stúlkum líður mjög svipað í Setbergsskóla en drengjum á landsvísi líður betur en drengjum í Setbergsskóla.

Farið verður af stað með nemendasamtöl aftur á vorönn til að kafa ofan í þessa þætti.

Skólaráð

Niðurstöður verða einnig kynntar fyrir starfsfólki og nemendum og farið verður í umbótavinnu.

Skólalæping Setbergsskóla.

Við leggjum til að halda skólalæping 6. maí. María hafði samband við Heimili og skóla til að koma með fyrirlestur. Sá fyrirlestur verður um áhrif snjalltækja. Skólalæpingið hefst á fyrirlestri og síðan verður farið í umræðurhópa. Þar sem saman koma nemendur, foreldra og starfsfólk skólans.

Ræddum var um hvaða leið væri best til að ná góðri þátttöku á þingið. Ákveðið var að virkja foreldrafulltrúana.

Farið yfir stöðuna í skólanum í ljósi farsóttar.

Þessa dagana hafa um 25% nemenda verið fjarverandi. Reglum hefur verið breytt og því er allri smitrakningu hætt í skólanum. Einnig er skólinn hættur að senda út tilkynningar um smit í bekkjum. Það eru nokkuð um veikindi í starfsmannahópnum en við höfum að mestu getað haldið út skólastarfi.

Þessum málum var frestað.

Kynning á þróunarstarfi, teyrum og vinnuhópum sem starfa um innri málefni skólans. Skólareglur og umgengni.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.